



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

Flórgoðinn

Meðal efni í þessum Flórgoða:

- Virk þátttaka foreldra í námi barna
- Foreldrafélag skólans
- Styrkur frá ALCAN
- Viðvera hjúkku
- Heilsdagsskóli fullur
- Matarliðar
- Ég fékk fugl
- Takk fyrir bækur
- Umhverfisvika
- Áttu dót að gefa?



Muna að fara snemma í háttinn svo maður mæti ferskur í skólann.

Virk þátttaka foreldra í námi barna

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Nú þegar skólaárið er hafið, skólakynningar farnar af stað og upplýsingaflæði milli skóla og heimila með ágætum finnst mér rétt að skrifa nokkrar línur um þátttöku foreldra í námi barna.

Að eiga barn á grunnskólaaldri krefst mikils af foreldrum. Það er að ýmsu að hyggja. Væntingar okkar til barna okkar eru oft miklar og við leggjum oft á þau þungar byrðar, t.d. hvað varðar gæslu á yngri systkynum og fleiri "skylduverka" á heimilinu auk náms, íþrótt- og félagsstarfa.

Öflug tenging heimila og skóla eru nauðsynleg. Ein helstu rökin fyrir því að foreldrar tengist skólum náði byggjast á niðurstöðum fjölda rannsókna að þátttaka foreldra og áhugi hafi veruleg áhrif á námsgengi barna. Foreldrum er annþ um að börn sín taki framförum í námi og foreldrar þurfa einnig að fá að vita hvaða forsendur liggja að baki þegar frammistaða barna þeirra er metin.

Hver sem bakgrunnur foreldra kann að vera er samstarf við þá auðlind sem Áslandsskóli hefur allt frá upphafi talið skynsamlegt að virkja. Nauðsynlegt er að slíku samstarfi séu sett skýr markmið og það einkennist af trausti, bjartsýni og virðingu. Þannig skapar það verulega möguleika á að hafa jákvæð áhrif á skólastarfið.

Þó svo að kennari sé að jafnaði einn með nemendum í kennslustofunni fer því fjarri að það sem þar gerist sé einkamál hans. Allt skólasamfélagið ber sameiginlega ábyrgð á árangri kennslunnar.

Umhyggja, áhugi og virk þátttaka foreldra í námi barna eru bráðnauðsynleg atriði til að árangur verði framúrskarandi. Því hefur þátttaka foreldra í menntandi og þroskandi viðfangsefnum á heimilinu og í skólanum mikil áhrif á námsárangur barna. Það að t.d. lesa með eða fyrir börnin, sjá þeim fyrir bókum, sækja fundi er tengjast námi þeirra og starfi

í skólanum ásamt þátttaka í námsferðum eru allt hlutir sem hægt er að finna sig í. Þátttaka í skólakynningum, námskeiðum sem boðið er uppá eða einfaldlega að merkja við í lestrarbókina, allt hefur þetta áhrif til betri vegar.

Það er því nauðsynlegt, nú í upphafi skólaárs, að við foreldrar lítum í eigin barm og skoðum hvort við sýnum námi barna okkur nægilegan áhuga. Áhuga sem fleytt gæti nemendum upp brattar brekkur á námsferlinum. Öll höfum við mikið að gera við að færa bjargir í bú en það má ekki hafa þau áhrif að við gleymum að rækta það dýrmætasta sem við eigum.

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

Skólakynningar

Skólafærnisámskeið

Forráðamenn nemenda í 1. bekk
Mánudagur 12.09.2005
Kl. 18:00–21:00
Þriðjudagur 12.09.2005
Kl. 18:00–21:00.
- LOKIÐ -



Skólakynning

Forráðamenn nemenda í 2. bekk
Fimmtudagur 15.09.2005
Kl. 18:00
- LOKIÐ -

Skólakynning

Forráðamenn nemenda í 3. bekk
Miðvikudagur 21.09.2005
Kl. 18:00

Skólakynning

Forráðamenn nemenda í 4. bekk
Miðvikudagur 21.09.2005
Kl. 18:00

Skólakynning

Forráðamenn nemenda í 5. bekk
Miðvikudagur 21.09.2005
Kl. 17:00

Skólakynning

Forráðamenn nemenda í 6. bekk
Mánudagur 19.09.2005
Kl. 17:00

Skólakynning

Forráðamenn nemenda í 7. bekk
Þriðjudagur 20.09.2005
Kl. 17:00

Kynning á starfi unglingsdeildar

Forráðamenn í 8.-10. bekk
Miðvikudaginn 14.09.2005 Kl. 17:30—19:00.
- LOKIÐ -

Ljósabálkur um virðingu, samið af nemendum í 4. HÓ - Tunglheimum

Virðing ber vott um góðan mann
vildi að það væru fleiri
gaman ef ég fengi þann
heiður að verða meiri.
Björn 4. HÓ

Vilt þú láta bera virðingu fyrir þér
eins og þú berð virðingu fyrir mér
eins og allir hinir
gætum við orðið vinir
Daniel Guðmundur 4.HÓ

Ég vil að mér sé ávallt sýnd
góð framkoma, réttlæti krýnd
en til þess þarf ég að temja mér
sömu framkomu að sýna þér.
Því ég veit að sá sem virðingu ber
fær hana á móti handa sér.
Gyða Mjöll 4. HÓ

Haltu þinni virðingu
ekki hafa hana úti girðingu
því hún er þér svo kær
að þú vilt hafa hana nær.
Sara Sif 4.HÓ

Virðing er nauðsyn
virðing er smart
þess vegna getur maður svo margt
sem á mann er lagt.
Elísa Eik 4. HÓ



Samræmd próf 4. og 7. bekkur

Þó svo að skólaárið sé rétt nýhafið þá er
stutt í samræmd próf í 4. og 7. bekk.

Þegar þessi Flórgoði kemur út er rétt
mánuðir í að þessi próf verði hér í
skólanum.

Fimmtudaginn 20. október verður prófað í
íslensku.

Föstudaginn 21. október verður prófað í
stærðfræði.

Einhver röskun kann að verða á
venjubundnu skólahaldi hjá þeim bekkjum
sem eiga heimastofur í nágrenni þessarra
árganga, t.d. með aukinni útikennslu eða
ferðum.

26. október - starfsdagur e.h. -

Miðvikudaginn 26. október er sérstakur
starfsdagur allra grunnskólakennara í
Hafnarfirði. Þessa dags er ekki getið á áður
útfelnu skóladagatali en hann hefur verið
samþykktur af fræðsluráði bæjarins.
Þennan dag munu allir kennarar bæjarins
hittast í Víðistaðaskóla í kringum hádegisdag.
Þar verður unnið í "smiðjum" að hinum
ýmsu verkefnum auk fyrirlestra.
Kennslu þennan dag lýkur um hádegisdag og
nemendur halda heimleiðis eftir að
hádegisverði lýkur. Heilsdagsskólinn verður
opnaður fyrir nemendur í 1.-4. bekk strax og
kennslu lýkur þennan dag.
Fimmtudaginn 27. október er
skipulagsdagur í skólanum og vetrarfrí er
síðan föstudaginn 28. og mánudaginn 31.
október.

GSM SÍMAR

Að gefnu tilefni er rétt að taka það fram að
notkun GSM farsíma er bönnuð í skólanum.

Verði nemendur uppvísir af notkun slíkra
tækja eða ef heyrst í slíkum tækjum þá eru
símarir teknir af nemendum og þeim komið
til skólastjóra.

Símarir eru síðan einungis afhentir
forráðamönnum og ekki dugar fyrir
forráðamenn að hringja í skólann og óska
eftir að nemendur fái þá aftur.



“Ég fékk fugl !!”

SMT skólafærni var tekin upp í Áslandsskóla í haust og hefur farið einstaklega vel af stað.

Á skólakynningum er farið yfir skipulagið á þessu verkefni og því gerð skil. Einnig var grein í fyrsta Flórigoða vetrarins um verkefnið.

Einhverjir nemendur hafa komið heim með “fugl” úr skólanum. Þannig er mál með vexti að nemandi getur fengið fugl (rauðan, gulan eða grænan) fyrir jákvæða hegðun. Allir starfsmenn hafa hjá sér “fugla” sem þeir geta látið af hendi til nemenda síni þeir jákvæða hegðun.

Bekkurinn safnar síðan “fuglum” og þegar tilteknum fjölda “fugla” er náð er haldin “fuglaveisla” í bekknum. “Fuglarnir” eru í nafnspjaldaformi og stundum er ritað á þá og stundum ekki. Það breytir engu um verðgildi þeirra.

Í lok september verður fyrsta sameiginlega morgunstund vetrarins haldin. Þá gæti svo farið að einhver bekkjanna hafi sýnt svo jákvæða hegðun að hann fái “bláan fugl” en blár er sjaldgæfur og hefur til þessa ekki verið veittur.

Forráðamenn eru því kannski einhverju nærri um hvernig kerfið virkar.



Hjúkkutímar

Gígja Grétarsdóttir er nýr hjúkrunarfræðingur Áslandsskóla. Hún tekur við starfi Lilju G. Gunnarsdóttur sem lætur nú af störfum.

Viðverutími hjúkrunarfræðings hefur verið aukinn og er nú eftirfarandi:

Mánudagar	8:15-13:00
Þriðjudagar	8:15-12:00
Miðvikudagar	8:15-13:00
Fimmtudagar	8:15-13:00
Föstudagar	8:15-13:00

Áttu dót að gefa?

*Það er leikur að læra,
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira,
meira í dag en í gær.*

Heilsdagsskólanum vantar meira dót. Því væri frábært ef einhverjir ættu dúkkur, kubba, LEGO, Playmobil eða vel nýtanlegt dót að gefa okkur.

Aflögfærir eru beðnir að hafa beint samband við starfsfólk heilsdagsskólans.

Takk fyrir bækur

Bókasafni skólans hafa borist margar frábærar bókaþjafir.

Guðrún Einarsdóttir bókasafnsfræðingur hefur staðið í ströngu við að merkja, plasta og skrá allar þessar bækur að undanförmu. Reyndar hafa ýmiss spil og myndbönd einnig borist.

Við viljum nota þetta tækifæri til að senda ykkur kærar þakkir fyrir þessar rausnalegu þjafir til bókasafnsins.

Matarliðar

Nú fer skipulag matarliða að verða tilbúið.

Matarliðar eru hópur nemenda sem hjálpa til við að ganga frá eftir hverja máltíð í skólanum.

Hver gengur auðvitað frá eftir sig þegar viðkomandi er búin að borða, en matarliðar hjálpa til við að þurrka af borðum, raða stólum, sópa og gera allt hreint og fínt.

Fullt í Trölla

Heilsdagsskólinn er nú orðinn það þéttsetinn að við sjáum okkur ekki fært að bæta við börnum.

Sjálfsagt er fyrir forráðamenn að sækja um vist fyrir 25. hvers mánaðar, þá fara þeir nemandur á biðlista og síðan er staðan tekin 1. hvers mánaðar.

Þá getur verið að einhverjir hafi dottið út og hægt sé að taka aðra inn í staðinn.

Umhverfisvika

Hver bekkur skólans fær úthlutað umhverfisviku 2-3 á skólaárinu.

Í umhverfisviku fær viðkomandi bekkur sérstakt skilti í stofuna sína en skiltið gefur til kynna að viðkomandi bekkur sé með umhverfisviku. Bekkurinn hugar þá að umhverfi skólans, týnir rusl, sópar og fleira. Í vikulok skilar bekkurinn skiltinu og syngur Ruslasönginn fyrir næsta umhverfisbekk. En auðvitað eiga allar vikur að vera umhverfisvikur. Göngum vel um!

Foreldrafélag Áslandsskóla 2005-2006

Kosið var til stjórnar foreldrafélagsins á aðalfundi félagsins í vor en vegna fádæma lélegrar mætingar á fundinn reyndist ekki unnt að fullmanna stjórnina. Aðeins hafa fengist fulltrúar fyrir 1. 2. 7. 8. og 9 bekk. Enn vantar því foreldra til starfa frá 3.4.5.6 og 10. bekk. Ef einhverjir hafa áhuga á því að bjóða sig fram til setu í foreldrafélaginu er þeim bent á að senda tölvupóst til saga@runag.com eða dia.elli@simnet.is.

Félagsgjöld verða óbreyttum frá síðasta ári, kr. 1.000 (auk umsýslugjalds frá SPH) og verða giróseðlar sendir foreldum nemenda á næstunni. Félagsgjöldin standa straum af fyrirlestrum og öðrum uppákomum sem foreldrafélagið biður upp á fyrir foreldra og nemendur, sem og hinna sívinsælu Vorhátíð Áslandsskóla sem unnið hefur sér fastan sess í hverfinu á hverju vori.

Eftirtaldir aðilar styrkja foreldrafélagið með einum eða öðrum hætti:
Alcan, Sparisjóður Hafnarfjarðar, Sjóvá, Verkfræðistofan Strendingur, Söluturninn Total, Fjarðarkaup og Bæjarbakari.

Þökkum við þessum fyrirtækjum stuðninginn. Jafnframt þökkum við fráfarandi meðlimum foreldrafélags og foreldraráðs samstarfið á liðnu ári.

ALCAN styrkir forvarnastarf

Alcan hefur veitt foreldrafélaginu 100.000 króna styrk til forvarnarmála úr Samfélagssjóði Alcan.

Umsókn Foreldrafélags Áslandsskóla var ein af 53 sem valin var úr 300 umsóknum sem sjóðnum bárust.

Þessi rausnarlegi styrkur mun gera okkur kleyft að halda áfram því góða starfi sem þegar hefur verið unnið í Áslandi og kunnum við Alcan bestu þakkir fyrir framlagið.



Stjórn Foreldrafélagsins 2005-2006 / Foreldraráð / Foreldrarölt

Stjórn foreldrafélags Áslandsskóla er skipuð einum fulltrúa frá hverjum árgangi. Þrjú meðlimir stjórnarinnar sitja jafnframt í foreldraráði, en samkvæmt grunnskólalögum er öllum grunnskólum skylt að hafa starfandi foreldraráð sem í sitja þrjú foreldrar. Foreldraráð skal í samræmi við grunnskólalög fjalla um og gefa umsögn til skólans og Fræðsluráðs Hafnarfjarðar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið.

Vegna dræmrar aðsóknar á aðalfund foreldrafélagsins í vor hefur enn ekki tekist að fullmanna stjórnina og eru þeir sem hafa áhuga á að taka sæti í foreldrafélagi og/eða foreldraráði bent á að hafa samband við formann foreldrafélagsins eða skólastjóra.

Stjórn foreldrafélagsins skipa eftirtaldir:

Fyrir 10 bekk: Þórdís Guðmundsdóttir, **meðstjórnandi**
Fyrir 9 bekk: Valgerður Rúnarsdóttir, **ritari**
Fyrir 8 bekk: Rúna Guðmundsdóttir, **formaður**
Fyrir 7 bekk: Erlendur G. Arnarson, **gjaldkeri**
Fyrir 6 bekk: Vantar
Fyrir 5 bekk: Vantar
Fyrir 4 bekk: Vantar
Fyrir 3 bekk: Vantar
Fyrir 2 bekk: Árni Árnason, **foreldraráð**
Fyrir 1 bekk: Ingibjörg Ólafsdóttir

Varamenn: Hrönn Hakanson, Jóngeir Hlinason, Pétur Vilberg Guðnason

Foreldrarölt

Síðastliðinn vetur hófst formlagt foreldrarölt í Áslands og Vallahverfi. Markmiðið með foreldraröltinu er að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útvíst barna og unglinga og að koma í veg fyrir hópamyndun unglinga eftir að lögbundnum útvístartíma er lokið. Þetta fór rólega í gang og í fyrra voru það aðallega meðlimir í stjórn foreldrafélagsins sem gengu. Aðallega er gengið eftir lokun félagsmiðstöðvarinnar á föstudagskvöldum, frá ca. 23 til rúmlega miðnættis. Það er gaman að geta sagt frá því að aldrei varð vart neinna vandræða á síðasta skólaári sem grípa þurfti inn í.

Í vetur verður hafður annar háttur á með skipulag foreldrarölsins. Bekkjartenglar munu sjá um að manna röltið, en enginn þarf að hafa áhyggjur af því að verða genginn upp að hnjúm því fjöldi nemenda er það mikill að ef allir foreldrar í skólanum taka að sér að ganga þá gæti maður þurft að gera það svona einu sinni annað hvert ár.

Við vitum að margir munu spyrja af hverju þeir ættu að ganga, kannski sérstaklega þeir sem eru með yngstu börnin. Ástæðan er einföld. Við berum öll áhrif á hverfinu okkar. Hverfi sem er laust við vímuefni, einelti og ofbeldi er öruggara umhverfi fyrir börnin okkar. Vitneskjan um foreldra á rölti virkar þar að auki letjandi á óróaseggi og skapar öryggi fyrir þá sem eiga undir högg að sækja. Við viljum því hvetja alla til að taka vel í það þegar bekkjartenglamir hringja í ykkur og biðja ykkur um að röltla. Að lokum minnum við á að útvístartími barna 12 ára og yngri er til kl. 20 og 13-16 ára barna til kl. 22. Það skal auk þess bent á að þetta eru landslög.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandss@ismennt.is

www.aslandsskoli.is

Flórgoðinn

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri